



Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. júní 2017.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um landgræðslu, 406. mál

Tilv. 2017060001

Frumvarp til laga um landgræðslu, 406. mál, var sent Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis þann 16. maí 2017 og frestur var veittur til 2. júní. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni frumvarpsins eins og það liggur fyrir og telja jákvætt að tekið hafi verið það skref að semja ný lög um landgræðslu, sér í lagi í ljósi þess að núgildandi lög eru yfir fimmtíu ára gömul og að mörgu leyti úrelt.

Þá vilja samtökin ítreka fyrri afstöðu sína er fram kom í umsögn um frumvarpið á fyrri stigum og skilað var til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins 20. mars sl. Samtökin leggja þunga áherslu á að haft verði náð samráð við bændur og landeigendur við gerð landgræðsluáætlunar, sbr. 6. gr., svæðisáætlana, sbr. 7. gr. og leiðbeininga og viðmiða um sjálfbæra landnýtingu, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Í þeim efnum skipti góð samvinna við bændur gríðarlegu máli enda grundvallast landgræðslustarf á því að þeir séu virkir þátttakendur og eigi þar að auki hlut að þróun og mótun slíks starfs frá upphafi.

Að því sögðu eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins.

Gerð er athugasemd við hámark dagsekta í 24. gr. um þvingunarúrræði. Hámarkið skv. ákvæðinu er kr. 500.000 sem samtökin telja óhóflega íþyngjandi eins og fram kom í fyrri umsögn. Telja má að markmiði dagsekta sem þvingunarúrræðis í þessu samhengi megi ná fram með mun lægri sektarupphæð, er lagt til að hún verði kr. 100.000 á dag að hámarki.

Einnig er gerð athugasemd við ákvæði um eignarnám, sbr. 26. gr. frumvarpsins. Sambærilegt ákvæði er að finna í núgildandi og eldri lögum um landgræðslu. Eignarnám hefur þrátt fyrir það aldrei verið framkvæmt á grundvelli þeirra ákvæða. Eins og fram kom í fyrri umsögn telja samtökin ekki ástæðu til að slíkt ákvæði sé í lögnum og leggja til að það verði fellt brott.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir